



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	17090162	Ábm.	AB
Vísital	11-31	Aðrir	
Mét	11-12-2017		
Athn.			

Garði, 7.12.2017
1709009 MS

13.01.01

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Annas Jón Sigmundsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2017/2018.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 21. nóvember 2017, þar sem tilkynnt er um úthlutun á byggðakvóta, 300 þorskígildistönnum til Sveitarfélagsins Garðs.


Á fundi bæjarstjórnar Garðs þann 6. desember 2017 var samþykkt að óska eftir við ráðuneytið að sett verði skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins. Um er að ræða sömu skilyrði og giltu fyrir úthlutun byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári, samkvæmt eftirfarandi:

50% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 604/2017 og lönduðu botnfiskafla á fiskveiðiárinu 2016/2017 og 50% verði skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. sept. 2016 til 31. ágúst 2017.

Jafnframt er ítrekað að þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði verði fullgilt að fiskiskip landi afla í öðru sveitarfélagi, en til vinnslu í Garði.

Rök fyrir þessari breytingu eru einkum þau að með þessari tillögu munu fleiri fiskiskip fá úthlutað byggðakvóta en ef öllum byggðakvóta væri skipt hlutfallslega miðað við landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla. Þannig mun úthlutaður byggðakvóti til Garðs nýtast fleiri aðilum til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu, sem er afar mikilvægt.

Virðingarfyllt,


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri Garðs